


Fjárlög 2022

Umsögn BÍ



Bændasamtökin vekja athygli á **tvennu** og gera **þrjár** tillögur fyrir fjárlög ársins 2022

- Verkefni til að draga úr losun þurfa að fara af stað 2022
 1. Óskum eftir móttframlagi gegn framlagi bænda til þess að útbúa aðgerðaráætlun. Þannig að félagskerfi bænda virki með stjórnvöldum í að ná árangri (20 m.kr)
 2. Óskum eftir stuðningi við að koma upp innviðum til að hvata aukna bindingu í skógrækt (20 m.kr.)
- Hækkanir á áburði geta haft áhrif á fæðuöryggi
 3. Við því þarf að vera hægt að bregðast – raungerist þær hækkanir sem eru í kortunum. Heimildir þyrftu að vera til staðar í fjárlögum.


Hvernig er hægt að draga saman losun í landbúnaði?

Tvær leiðir til að minnka losun frá landbúnaði frá sjónarhóli bænda

1. Draga landbúnað saman að umfangi og draga úr framleiðslu
2. Nota þekkingu til þess að draga úr losun á hvert framleitt kíló afurða

Hvað þýðir 5% samdráttur losunar


- Á myndinni er sýnt hversu mikið sauðfé þyrfti að fækka til þess að ná markmiðum um 5% samdrátt losunar m.v. 2005
- Þessi sviðsmynd um að draga saman losun með því að draga saman landbúnað er ómarkviss vegna þess að þá flyst einfaldlega losun erlendis



Til þess að ná 5% heildarsamdrætti frá landbúnaði þyrfti að fækka fé um 21% og dygði það ekki til – gert ráð fyrir því að minnkuð áburðarnotkun næði því sem uppá vantar

Bændasamtökin telja sig geta gert betur

- Bí telur sig geta gert betur í því að koma lausnum í loftslagsmálum til framkvæmda, í gegnum virkt félagskerfi bænda
- Getum ekki fjármagnað það af félagsgjöldum bænda einum saman – það er allrahagur að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda við framleiðslu matvæla á Íslandi




Viðmiðunarárið er 2005, en síðan þá hefur framleiðsla flestra búvara aukist

Aukin kolefnisbinding getur skapað störf

- Bændasamtök Íslands telja það óframkvæmanlegt að ná kolefnishlutleysi á Íslandi 2040 eingöngu með aðgerðum hins opinbera
 - Einkageirinn **þarf að taka** þátt og kaupa nýja vöru, **kolefnisbindingu**
 - Við teljum eitt af framlögum innlends landbúnaðar í loftslagsmálum geti verið að skapa innviði fyrir því að **einkafjármagn finni farveg** í að auka kolefnisbindingu
 - Til þess hefur verið unnið í verkefninu Kolefnisbrúnni síðustu tvö ár og er óskað eftir framlagi upp á 20 m.kr. næstu tvö ár til að koma því til framkvæmda
-

Áburðarverð

- Síðustu mánuði hefur áburðarverð hækkað mjög hratt í verði – m.a. vegna orkuverðs
- Getur haft áhrif á fæðuöryggi þ.s. minni áburður -> minni framleiðsla
- Við teljum að ríkið þurfi að geta brugðist við því ef staðan hefur áhrif á fæðuöryggi



Línan fyrir urea er urea framleitt í Evrópu – útskýrir fylgnina við gasverð. DAP er nokkurs konar heimsmeðaltal og sveiflast því minna
